

heimspekin; nefnilega „Logos“ kenningarinnar eða „Orðið“, eins og það er útlagt í Nýja testamenti voru. Hann kenndi, að guðs eiginlegleiki birtist í tvenns konar myndum, sem hið útgangandi skapandi „Logos“ (sbr. „útgenginn frá föðurnum“), og íbúandi „Orð“, er grundaði og ályktaði allt hvað gjört væri. En samkvæmt skoðun Philos var þetta Logos undirgefið föðurnum, og óæðra en hann, því það útgekk frá honum, en samt eilíft eins og hann.

Út frá þessari hugmynd spruttu hinar ótal mörgu skoðanir um guðlega menn og guð-menn, er komu fram um þetta leyti. Það var þetta „útgengna Logos“, er tók á sig líkams gerfi og gjörðist maður (sbr. inngangsorð Jóhannesar guðspjalls).

Með siðaskiftingunni og falli Rómverska ríkisins smá hnignaði skólunum, unz þeir dóu alveg út. Eftir að kristnin vann algjöran sigur yfir hinum trúarbragða kerfunum, gjörðust forn-menn hennar mjög andvígir hinni eldri siðmenningu, og byrjuðu nú að ofsækja, eins og þeir voru ofsóktir. Hugsunargöfgin tók ekki lengra en það, að þeir vildi nú helst, ef þess hefði verið kostur, skafa allt í burtu, illt og gott, er verið hafði í fari hinna fornu trúarbragða, og komið var inn í þjóðarmeðvitundina, en gleymdu því þó, að þaðan höfðu þeir heimspekina, bókmenntirnar og aðferð þá, er notuð var við guðfræðiskennslu þeirra sjálfra. Skólunum gömlu var lokað einum eftir annan. Kennararnir leituðu land úr landi og loks til hinnar frægu Athenu sem hins síðasta griðastaðar; en þar voru ekki heldur gefin griðin, því árið 529 var hinum síðasta fornaldarskóla lokað að boði Jústíníusar keisara, og öllum veraldlegum lærdómi byggt út.

Þessi keisaralega skipun sætti mjög lífilli eftirtekt. Fólkið var orðið þreytt á lærdómi, sem þá um tvær undanfarnar aldir hafði gengið mest út á það, að semja frið innan kyrkjunnar, er friðinum hafði byggt út; semja svo að segja árlega nýjar trúarjátningar, er aldrei gátu orðið almennar, hvernig sem til var reynt; þrátta um ýmsar kenningar, er risu upp á þessum eða hinum staðnum, og urðu orsök til hins mesta elds og sundurlyndis innan kyrkjunnar í margar aldir. Sérstaklega var þó kenningin um þrenninguna stærsta deiluefnið.

Það, sem menn athuguðu ekki, var það, að hversu sem ár-